



8. nóvember 2022

Tilv.: 2210146

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags og viðskiptanefndar Alþingis
nefnasvið@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði, 328. mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd, dags. 25. október 2022 þar sem óskað er eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um peningamarkaðssjóði.

Seðlabankinn hefur ekki athugasemdir við frumvarpið en telur rétt að vekja athygli á því að á íslenskum sjóðamarkaði eru reknir sjóðir sem kunna aðfalla undir skilgreiningu peningamarkaðssjóða samkvæmt reglugerðinni. Rekstraraðilar slíkra sjóða munu þurfa að fá starfsleyfi hjá Seðlabankanum á grundvelli 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1131 sem fær lagagildi við samþykkt frumvarpsins. Reglugerð (ESB) 2017/1131 um peningamarkaðssjóði setur fjárfestingarheimildum peningamarkaðssjóða frekari skorður hvað varðar áhættudreifingu og samsetningu eigna umfram það sem núgildandi lög kveða á um.

Í 17. gr. reglugerðarinnar er fjallað um fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða. Á Íslandi eru fáir útgefendur peningamarkaðsgerninga sem falla undir hæfar fjárfestingar slíkra sjóða. Þá eru einnig settar takmarkanir um hámarkshlutfall af eignum peningamarkaðssjóða sem má geyma í innlánnum hjá sömu lánastofnun. Með hliðsjón af tiltækum fjárfestingarkostum og smæð markaðarins telur Seðlabankinn vert að nefna að íslenskum peningamarkaðssjóðum kann að reynast krefjandi að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar um áhættudreifingu við núverandi aðstæður.

Af frumvarpinu er ljóst að rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðilar sérhæfðra sjóða þurfa að yfirfara sjóði sína og meta vandlega með hliðsjón af frumvarpinu hvort að sjóðir í þeirra rekstri kunni að falla undir reglugerðina.

Í því samhengi telur Seðlabankinn tilefni til að vekja athygli á því að samkvæmt reglugerðinni og greinargerð með umræddum frumvarpsdrögum kemur fram að sjóðum sé óheimilt að notast við villandi eða ónákvæma tilvísun sem gefur til kynna að um sé að ræða peningamarkaðssjóð og einnig er óheimilt að reka sjóð um sameiginlega fjárfestingu sem hefur einkenni peningamarkaðssjóðs hafi sjóðurinn ekki fengið starfsleyfi sem slíkur.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Jónúsdóttir
frankvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Páll Friðriksson
frankvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir